



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Afgreiðslubréf borgarráðs 15. júní 2023: Kjalarnes, Jörfi/Norðurgrund - breyting á deiliskipulagi

Á fundi borgarráðs þann 15. júní 2023 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, 8. júní 2023, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 7. júní 2023 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis á Kjalarnesi, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Í samræmi við samstarfssáttmála meirihlutflokkanna er hér verið að skipuleggja íbúðalóðir á Kjalarnesi. Um er að ræða tveggja til þriggja hæða fjölbýlishús ásamt tveggja hæða parhúsum, alls 81 íbúð. Með þessu er verið að fjölga búsetuvalkostum í borginni og styrkja um leið byggðina í Grundarhverfi á Kjalarnesi, styrkja grundvöll undir þjónustu á svæðinu og nýta betur núverandi innviði.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að uppbygging sé að hefjast á Kjalarnesi þannig að mikilli þörf fyrir húsnæði þar sé mætt. Mikilvægt er þegar unnið er að nýju skipulagi að gott samráð sé við íbúa og ný byggð sé í samræmi við þá byggð sem fyrir er.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi sósíalista tekur undir sjónarhorn íbúa um mikilvægi þess að hverfið í heild sinni verði skipulagt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur áherslu á fullnægjandi samráð við íbúa Kjalarness. Það er sérlega mikilvægt þegar umfangsmikil uppbygging er að fara að eiga sér stað.

Ívar Vincent Smárason
e.u.